

Drög að

REGLUGERÐ

um starfsemi slökkviliða

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að sérhvert sveitarfélag, eitt eða í samvinnu við önnur, hafi slökkvilið sem er þannig skipulagt, búið, mannað, menntað og þjálfað að það geti leyst af hendi með fullnægjandi hætti þau verkefni sem þeim eru falin lögum samkvæmt. Jafnframt er það markmiðið að slökkvilið sé skipulagt og stærð þess ákvörðuð út frá þeirri áhættu sem til staðar er í sveitarfélaginu.

Markmið reglugerðarinnar er að skilgreina lágmarkskröfur um tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og um vatnsöflun til slökkvistarfa. Jafnframt er það markmið reglugerðarinnar að skilgreina lágmarkskröfur um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi og vegna björgunar á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum. Brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir, skal lýsa hvernig slökkvilið uppfyllir ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða og orðasambanda í reglugerð þessari er sem hér segir:

Slökkvilið: Sú starfsemi sveitarfélaga sem fæst við brunavarnir, eldsvoða, mengunaróhöpp og björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum á grundvelli ákvæða laga um brunavarnir.

Slökkvistarf: Aðgerðir slökkviliðs til að fást við eldsvoða og mengunaróhöpp á vettvangi sem og björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum.

Slökkvistöð: Aðalstarfsstöð slökkviliðs.

Útkallseining: Sá mannafla slökkviliðs ásamt búnaði sem bregst við eftir boðun sem fyrsta viðbragð.

Útkallslið: Sá hluti slökkviliða sem sér um viðbragð eftir boðun.

Útstöð: Starfsstöð slökkviliðs, önnur en aðalstarfsstöð.

Viðbragðstími: Sá tími sem líður frá því að boð berst slökkviliði og þar til fyrstu menn frá slökkviliði hafa hafið störf á vettvangi.

II. KAFLI

Framkvæmd, hlutverk og eftirlit.

3. gr.

Lögbundin verkefni slökkviliða.

Verkefni slökkviliða eru:

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss.
2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun.
3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun.

4. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum.
5. Eldvarnaeftirlit og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum, sbr. reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit.

4. gr.

Önnur verkefni slökkviliða.

Heimilt er að fela slökkviliði önnur verkefni en þau sem kveðið er á um í 3. gr. reglugerðar þessarar. Þau verkefni mega þó ekki draga úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Verkefnin skulu koma fram í brunavarnaáætlun og til hvaða ráðstafana hefur verið gripið að hálfu slökkviliðsins til að tryggja að þau dragi ekki úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum.

5. gr.

Hlutverk sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á starfsemi slökkviliðs, þ.m.t. framkvæmd eldvarnaeftirlits. Sveitarstjórn er skylt að sjá um að starfsemi slökkviliðs uppfylli kröfur reglugerðar þessarar.

Sveitarstjórn ákveður í brunavarnaráætlun umfang þjónustu slökkviliðs, sbr. 3. og 4. gr. og skilgreinir flokkun sveitarfélagsins í útkallssvæði, sbr. einnig ákvæði byggingarreglugerðar um auknar brunavarnir mannvirkja þar sem útkallstími er yfir 15 mínútur.

Sveitarstjórn ræður slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri ræður annað starfslið slökkviliðsins. Í forföllum slökkviliðsstjóra er varaslökkviliðsstjóri yfirmaður slökkviliðs.

6. gr.

Samstarf og samvinna.

Sveitarfélög geta uppfyllt skyldur sínar skv. 3. gr. með samstarfi sín á milli um brunavarnir. Tvö sveitarfélög eða fleiri geta samið um sameiginlegt slökkvilið í formi byggðasamlags í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagi er einnig heimilt að semja við annað sveitarfélag um að hafa með höndum tiltekin verkefni og stjórn slökkviliðs í heild eða að hluta. Um slíkt gilda ákvæði 96. gr. sveitarstjórnarlaga og skal gera skriflegan samning sem tilkynna skal til Mannvirkjastofnunar.

Ef viðbragðstími slökkviliðs aðliggjandi sveitarfélags fyrir ákveðið landssvæði er styttri en frá slökkviliði þess sveitarfélags sem landssvæðið tilheyrir skulu sveitarfélögin gera með sér samninga til að tryggja sem skemmstan viðbragðstíma óháð sveitarfélagamörkum. Í samningum skal tekið fram verklag við beiðni og um greiðslu kostnaðar.

Í sveitarfélögum þar sem ekki er nægur fjöldi íbúa til að manna slökkvilið eða sveitarfélagið hefur af öðrum ástæðum ekki möguleika á að uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar með rekstri eigin slökkviliðs skal sveitarfélagið semja við nærliggjandi sveitarfélag um rekstur sameiginlegs slökkviliðs, sbr. þó 4. mgr.

Á fámennum og landfræðilega afskekktum dreifbýlissvæðum, þar sem ekki er hægt að koma því við að vera með útkallslíð er heimilt að tryggja öryggi svæðisins með öðrum hætti. Brunavarnir skulu þá tryggðar t.d. í formi aukinna einkabrunavarna og forvarnastarfs sem viðhaldi ásættanlegu öryggi fyrir líf, heilsu, umhverfi og eignir og/eða með rekstri útstöðvar með fyrsta viðbúnaði fyrir utanhúss slökkvistarf og þjálfun íbúa í björgunarstörfum á meðan beðið er eftir slökkviliði. Slíkar ráðstafanir skulu koma fram í brunavarnaáætlun og hljóta samþykki Mannvirkjastofnunar.

7. gr.

Hlutverk slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri annast framkvæmd reglugerðar þessarar í sínu umdæmi og ber ábyrgð á að kröfur hennar séu uppfylltar.

Drög 25. apríl 2017

Slökkviliðsstjóri eða varaslökkviliðsstjóri skal ávallt vera á vakt eða á bakvakt og til staðar á starfssvæði slökkviliðsins. Heimilt er að manna slíkar vaktir með staðgenglum sem uppfylla hæfniskröfur sem gerðar eru til slökkviliðsstjóra.

Við ákvörðun um stöðu slökkviliðsstjóra í skipuriti sveitarfélags og starfshlutfall hans skal gæta að ábyrgð hans og valdheimildum skv. lögum um brunavarnir, stjórnarsýslulegu hlutverki og verkefnum skv. brunavarnaáætlun. Skipuritið skal koma fram í brunavarnaáætlun.

III. kafli.

Upplýsingagjöf, skráning og leiðbeiningar.

8. gr.

Upplýsingagjöf og skráning gagna.

Mannvirkjastofnun getur krafist sveitarfélög um nauðsynlegar upplýsingar um stöðu brunavarna og um búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu.

Slökkviliðsstjóri skal sjá til þess að Mannvirkjastofnun séu fyrir 1. maí ár hvert sendar upplýsingar um rekstur slökkviliðsins og búnað í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar. Jafnframt skal slökkviliðsstjóri sjá til þess að eldvarnaeftirlitskoðanir og útköll séu færð í rafrænan gagnagrunn í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar.

9. gr.

Útgáfa leiðbeininga.

Mannvirkjastofnun getur gefið út leiðbeiningar um nánari framkvæmd reglugerðar þessarar, s.s. um búnað og starfsemi slökkviliða og um upplýsingagjöf til Mannvirkjastofnunar.

10. gr.

Rannsókn og skráning slysa og óhappa.

Slökkvilið skal halda skrá yfir öll slys og óhöpp sem verða í starfsemi slökkviliða hvort sem þau valda valda óvinnufærni starfsmanns eða ekki. Slökkvilið skal fyrir 1. maí ár hvert veita Mannvirkjastofnun yfirlit yfir skráð slys og óhöpp.

Mannvirkjastofnun getur rannsakað slys og óhöpp sem falla undir 1. mgr. óháð rannsókn annarra aðila.

IV. KAFLI

Brunavarnaáætlun

11. gr.

Brunavarnaáætlun.

Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem unnin er af slökkviliðsstjóra og fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórna sbr. 13. gr. laga um brunavarnir. Í brunavarnaáætlun skal gerð grein fyrir því hvernig sveitarfélag uppfyllir skyldur sínar skv. reglugerð þessari. Í brunavarnaáætlun skal m.a. gerð grein fyrir eftirfarandi:

- Hvernig tryggt er að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum um brunavarnir.
- Eldvarnaeftirliti slökkviliðsins, þ.m.t. forvörnum, og þeim áhættum/mannvirkjum í sveitarfélaginu sem krefjast reglubundins eftirlits.
- Fyrirkomulagi byggðar með tilliti til eldhættu, s.s. atvinnustarfsemi, íbúðabyggð, frístundabyggð osfrv. Þar skal vera skrá yfir öll mannvirki og aðra staði í

sveitarfélaginu þar sem eldsvoði getur valdið sérstakri hættu á manntjóni eða umtalsverðu tjóni á umhverfi eða öðrum verðmætum.

- d. Viðbragðseiningum sem starfræktar eru í sveitarfélaginu á vegum annarra aðila en slökkviliðs.
- e. Umfangi þjónustu slökkviliðs, skiptingu sveitarfélagsins í útkallssvæði, viðbragðstíma og mönnun útkallseininga, sbr. nánari ákvæði VI. kafla reglugerðar þesarar. Jafnframt skal koma skýrt fram hvaða verkefnum slökkviliðið sjálft sinnir og hvaða verkefnum er sinnt af öðru slökkviliði.
- f. Samstarfssamningum við önnur sveitarfélög sbr. 6. gr. Gæta skal þess að samræmi sé í brunavarnaáætlunum sveitarfélaga sem hafa með sér samstarf um rekstur slökkviliðs. Heimilt er að gera eina brunavarnaáætlun fyrir slíkt slökkvilið enda sé hún þá samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar.

V. KAFLI.

Viðbragð.

12. gr.

Verkefni útkallsliðs.

Verkefni útkallseiningar slökkviliðs eru:

- a) Að hafa með höndum viðbúnað við eldsvoðum og slökkva eld sem verður laus og/eða fyrirbyggja bráða hættu á að eldur verði laus á starfssvæði slökkviliðsins og hafa auk þess eftirlit með því að nægjanlegt slökkvivatn fái úr vatnsveitu eða vatnsbólum.
- b) Að hafa með höndum viðbúnað við mengunaróhöppum á landi, þ.m.t. í ám og stöðuvötnum, og stöðva útbreiðslu efna frá mengunaróhappi á landi eða fyrirbyggja bráða hættu á að slíkt atvik verði.
- c) Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði.
- d) Að sjá til þess að fólk sem þarf að rýma húsnæði sitt vegna slyss, sbr. a) - c) lið, sé skráð, komið í húsaskjól og því sinnt eftir þörfum.

Tryggja skal að önnur verkefni sem slökkviliðnum er falið að vinna samkvæmt brunavarnaáætlun sveitarfélagsins rýri ekki viðbragðsgetu slökkviliðsins.

13. gr.

Hæfniskröfur útkallsliðs.

Þeir sem ráðnir eru til starfa í útkallslið slökkviliðs skulu fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og vera ekki haldnir lofthræðslu eða innilokunarkennd.
2. Hafa iðnmenntun sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærilega menntun og reynslu.

Í undantekningartilvikum má víkja frá skilyrðum 2. tölul. 1. mgr. hjá slökkviliðum sem falla undir c. lið 1. mgr. 17. gr. reynist ekki unnt að fá menn til starfa sem uppfylla skilyrði um iðnmenntun eða sambærilegt.

Ekki má fela slökkviliðsmanni að sinna útkallsstarfi nema hann hafi lokið viðeigandi grunnnámi í Brunamálastólaskólanum eða hafi sambærilega menntun sem Mannvirkjastofnun

Drög 25. apríl 2017

metur jafngilda. Byrjendur, sem hafið hafa störf í slökkviliði en ekki lokið grunnnámi, mega þó gegna útkallsstarfi undir leiðsögn fullmenntaðra slökkviliðsmanna, sbr. reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.

Reykkafarar slökkviliðs skulu uppfylla skilyrði reglugerðar um reykköfun.

Stjórnandi í útkallsliði skal hafa lokið stjórnendanámi í Brunamálaskólanum eða hafa sambærilega menntun sem Mannvirkjastofnun metur jafngilda.

14. gr.

Þjálfun útkallsliðs.

Útkallslið skal vera þannig mannað og hjá því skal vera nægjanleg þekking og reynsla til þess að það ráði við slökkvistarf í þeim áhættum sem eru í sveitarfélaginu.

Gæta skal þess að útkallslið viðhaldi hæfni sinni með reglubundnum æfingum og sé þannig undirbúið til að takast á við verkefni slökkviliðsins.

15. gr.

Skipulag slökkviliðs.

Í brunavarnaáætlun skal sýnt fram á mannaflapörf slökkviliðsins. Sé ekki sýnt fram á að annað sé nægjanlegt skal miða við eftirfarandi lágmarks fyrirkomulag á rekstri slökkviliðs:

- a. Yfir 15.000 íbúar í einstöku þéttbýli á starfssvæði slökkviliðs: Slökkvilið með fastri mannaðri sólarhringsvakt slökkviliðsmanna á slökkvistöð.
- b. Yfir 5000 íbúar á starfssvæði slökkviliðs: Slökkvilið þar sem slökkviliðsmenn eru á vakt á slökkvistöð á dagvinnutíma. Utan þess tíma er slökkviliðið mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir föstu skipulagi.
- c. Undir 5000 íbúar á starfssvæði slökkviliðs: Slökkvilið er mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir föstu skipulagi.

Í þéttbýli með fleiri en 300 íbúum skal vera útkallseining.

Mannvirkjastofnun getur sett leiðbeiningar um skipulag slökkviliðs, þ.m.t. um mat á mannaflapörf slökkviliðs og viðmiðanir um útreikning á þeim tíma sem slökkviliðið er laust og tiltækt.

16. gr.

Útkallssvæði slökkviliða.

Í brunavarnaáætlun skal gera grein fyrir viðbragðstíma slökkviliðs. Skipta skal útkallssvæði slökkviliðs í eftirfarandi flokka eftir viðbragðstíma:

Útkallssvæði 1: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 10 mín frá útkalli.

Útkallssvæði 2: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 15 mín frá útkalli.

Útkallssvæði 3: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang og vinna hafin innan 20 mín frá útkalli.

Útkallssvæði 4: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang eftir meira en 20 mín frá útkalli.

Í brunavarnaáætlun skal sýna tímalínur á korti sem skipta starfssvæði slökkviliðs í útkallssvæði eftir viðbragðstíma og verkefnum. Á útkallssvæði 4 skal sýna tímalínur fyrir hverjar viðbættar 15 mínútur.

Slökkviliðsstjóri skal halda yfirlit yfir viðbragðstíma á hverju útkallssvæði og innan hvers verkefnis, sbr. 3. gr., sem skal uppfært árlega eða þegar breytingar verða.

17. gr.

Boðun og útkall.

Slökkviliðsstjóri skal viðhalda upplýsingum um boðun og útkall hjá Neyðarlínu. Hann skal gefa Neyðarlínunni hverju sinni upplýsingar um hverjir veiti viðtöku beiðnum um aðstoð ásamt upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er, menntunar- og þjálfunarstig þeirra sem hana veita og tækjabúnað sem tiltækur er.

Slökkviliðin skulu útvega slökkviliðsmönnum móttökutæki sem getur tekið við boðum frá Neyðarlínu. Neyðarlínan skal senda útkallsboð með sannanlegum og rekjanlegum hætti.

Peir starfsmenn Neyðarlínu sem svara neyðarsímtölum vegna útkalla slökkviliðs skulu hafa fengið fræðslu um starfsemi slökkviliða.

18. gr.

Húsnæði - slökkvistöð.

Húsnæði slökkviliða skal vera í sérstöku brunahólfi minnst EI60 þar sem ekki fer fram önnur starfsemi en sú sem tilheyrir slökkviliðinu. Við slökkvistöð skal vera brunahani.

Mannvirkjastofnun skal gefa út nánari leiðbeiningar um húsnæði og fyrirkomulag slökkvistöðva og útstöðva.

19. gr.

Viðbragðseiningar utan slökkviliða.

Í brunavarnaáætlun skal koma fram ef sérstök viðbragðseining er starfrækt í sveitarfélaginu á vegum annarra en slökkviliðs. Tilgreina skal í brunavarnaáætlun á hvaða grundvelli slíkar einingar starfa, t.d. hvort um sé að ræða ákvörðun slökkviliðsstjóra á grundvelli 24. gr. laga um brunavarnir eða forsendu fyrir útgáfu byggingarleyfis, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar. Í brunavarnaáætlun skal gera grein fyrir lágmarksfjölda starfsmanna viðbragðseiningar, um lágmarksþjálfun þeirra og um búnað sem viðbragðseiningin skal hafa tiltækan. Á vettvangi eldsvoða og mengunaróhappa eru slíkir viðbragðsaðilar undir stjórn slökkviliðsstjóra.

Mannvirkjastofnun getur gefið út leiðbeiningar um kröfur til viðbragðseininga utan slökkviliða.

20. gr.

Útkallslið og útkallseiningar.

Þegar útkall verður ber slökkviliðsstjóra skylda til að senda nægjanlegt afl á vettvang til að bregðast við á fullnægjandi hátt. Slökkviliðsstjóri skal setja saman útkallslið sem getur veitt nægjanlegt viðbragð við slysum og atvikum sem slökkviliði ber að sinna samkvæmt lögum um brunavarnir, sbr. 23. gr. Stærð útkallsliðs tekur mið af áhættum í sveitarfélaginu, verkefnum, sbr. 3. gr., og skiptingu þess í útkallssvæði, sbr. 18. gr.

Útkallsseining skal að lágmarki vera mönnuð einum fullmenntuðum stjórnanda og nægjanlega mörgum slökkviliðsmönnum til að manna nauðsynleg hlutverk og búnað í útkallinu, sbr. m.a. reglugerð um reykköfun. Sýna skal fram á í brunavarnaáætlun með áhættugreiningu og útreikningum miðað við m.a. þörf fyrir reykköfun, vatn og tækjabúnað í litlum, meðal og stórum áhættum og/eða útköllum hvernig útkallseiningar slökkviliðs eru samsettar og hversu margar þær eru. Sé ekki sýnt fram á að annað sé nægjanlegt skal við skipulagningu slökkviliðs miða við eftirfarandi lágmarksfjölda slökkviliðsmanna í útkallseiningu:

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss:

- a. Vatnsnotkun: tveir.

Drög 25. apríl 2017

- b. Vatnsöflun: einn.
- c. Stjórnandi: einn.
- 2. **Slökkvistarfar innanhúss og reykköfun á útkallssvæði 1:**
 - a. Reykköfun: þrír.
 - b. Vatnsöflun: einn.
 - c. Stjórnun: einn.
- 3. **Slökkvistarfar innanhúss og reykköfun á útkallssvæði 2, 3 og 4 og viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun:**
 - a. Reykköfun: fimm.
 - b. Vatnsöflun: einn.
 - c. Stjórnun: einn.
- 4. Ef forsenda slökkvistarfs í sveitarfélaginu byggist að einhverju leyti á notkun **körfubíls eða tankbíls** þarf að bæta við eftirfarandi mannskap sem þarf til að sinna þeim tækjum:
 - a. Körfubíll: einn.
 - b. Tankbíll: einn.
- 5. Björgun á fastklemmdu fólki, lágmarksviðbúnaður:
 - a. Klippur og þess háttar: þrír.
 - b. Stjórnun: einn.

Stjórnandi á vettvangi skal ávallt meta út frá aðstæðum hversu marga slökkviliðsmenn þarf til að annast viðkomandi verkefni. Ef aðstæður á vettvangi eru þannig að lágmarksviðbúnaði skv. 1. mgr. er ekki náð metur stjórnandi hvort forsvaranlegt er að hefja aðgerðir.

21. gr.

Fjöldi slökkviliðsmanna í útkallslíði slökkviliðs.

Lágmarksfjöldi slökkviliðsmanna í útkallslíði slökkviliðs skal ákveðinn í brunavarnaáætlun sveitarfélags út frá áhættum í sveitarfélaginu, sbr. 22. gr. Að lágmarki skal þó miða við að í stærri aðgerðir komi innan 30 mín:

- a. 1 slökkviliðsstjóri,
- b. 4 stjórnendur og
- c. 16 almennir slökkviliðsmenn.

Ef slökkviliðsmenn eins slökkviliðs eru staðsettir á mörgum stöðvum skal koma fram í brunavarnaáætlun mat á líkum þess að tvö útköll komi á sama tímabili. Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um mat á líkum og hvenær óhætt sé að skilja svæði eftir mann- og búnaðarlaust.

Fjöldi slökkviliðsmanna sem tilheyra einni slökkvistöð/útsöð má aldrei vera minni en ein útkallseining (4-7 manns eftir þjónustuflokki).

VI. KAFLI

Búnaður útkallslíðs.

22. gr.

Búnaður til slökkvistarfs og annarra starfa slökkviliðs.

Slökkvilið skal hafa til umráða fullnægjandi búnað til að geta sinnt verkefnum sínum.

Lágmarksbúnaður skal ákveðinn í brunavarnaáætlun sveitarfélags en skal þó aldrei vera minni en lágmarksbúnaður skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar.

Búnaður slökkviliðs skal hafa mikið rekstraröryggi. Til búnaðar teljast bílar, dælur, slöngur og önnur tæki og tól til notkunar við slökkvistarfar ásamt búnaði til notkunar við bráða mengun og björgun fólks úr mannvirkjum og farartækjum.

Drög 25. apríl 2017

Allur búnaður slökkviliðs skal að lágmarki uppfylla ákvæði þeirra ÍST EN staðla sem taldir eru upp í viðauka I við reglugerð þessa. Sé keyptur búnaður sem framleiddur er eftir öðrum stöðlum skal búnaðurinn einnig uppfylla ÍST EN staðlana. Ætíð skal miða við nýjustu útgáfu staðalsins.

Á svæðum þar sem ekki er hægt að útvega nægjanlegt vatn án fyrirvara til slökkvistarfs skal slökkviliðið geta tekið með sér nægjanlegt vatn á tönkum, þannig fyrirkomandi að dæling rofni ekki.

Allur búnaður skal geymdur, þrífinn og honum viðhaldið í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Mannvirkjastofnun setur leiðbeiningar um lágmarksbúnað slökkviliða. Stofnunin getur jafnframt gefið út leiðbeiningar um afskriftir og úreldingu búnaðar.

23. gr.

Persónuhlífar og vinnuvernd.

Fylgja skal ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum við framkvæmd starfa slökkviliðs. Slökkviliðsmenn skulu fá nauðsynlegar persónuhlífar til að sinna þeim störfum sem krafist er af þeim.

Þegar keyptar eru persónuhlífar skal eingöngu velja búnað sem uppfyllir kröfur í gildandi stöðlum og reglugerðum.

24. gr.

Fjarskipti.

Slökkviliðið skal þannig búnað að fjarskipti sem nauðsynleg eru til að slökkvistarf geti farið fram á árangursríkan og tryggan hátt jafnt innan slökkviliðs sem við aðra björgunaraðila s.s. lögreglu og Neyðarlínu.

25. gr.

Skyndihjálp.

Slökkviliðið skal hafa búnað og þjálfun til að geta veitt skyndihjálp.

VII. KAFLI

Íhlutun, gildistaka ofl.

26. gr.

Íhlutun Mannvirkjastofnunar og ráðherra.

Telji Mannvirkjastofnun að brotin séu ákvæði reglugerðar þessarar og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skal Mannvirkjastofnun benda slökkviliðsstjóra á það sem bæta þarf úr og gefa sanngjarnan frest til úrbóta.

Fari slökkviliðsstjóri ekki að tilmælum Mannvirkjastofnunar skal stofnunin tilkynna sveitarstjórn um álit sitt.

Telji Mannvirkjastofnunað sveitarstjórn sinni ekki skyldu sinni samkvæmt reglugerð þessari skal senda sveitarstjórn viðvörðun og tilkynna það ráðuneytinu. Bregðist sveitarstjórn ekki við á fullnægjandi hátt getur ráðuneytið gripið til nauðsynlegra aðgerða á kostnað viðkomandi sveitarfélags.

27. gr.

Gildistaka.

Drög 25. apríl 2017

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 11 og 39. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir
öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, xx. yy 20zz.

Viðauki

Listi yfir staðla sem búnaður slökkviliða skal uppfylla

ÍST EN 1846-1:1998 Firefighting and rescue service vehicles - Part 1: Nomenclature and designation

ÍST EN 1846-2 Slökkviliðsbílar - 2. hluti: Almennar kröfur - Öryggi og eiginleikar (Firefighting and rescue service vehicles - Part 2: Common requirements - Safety and performance)

ÍST EN 1846-3 Slökkviliðsbílar - 3. hluti: Fastur búnaður - Öryggi og eiginleikar (Firefighting and rescue service vehicles - Part 3: Permanently installed equipment - Safety and performance)

ÍST EN 14466 Slökkvidælur - Færanlegar dælur - Öryggis- og nothæfiskröfur, prófanir (Fire fighting pumps – Portable pumps - Safety and performance requirements, tests)

ÍST EN 1947 Fire-fighting hoses - Semi-rigid delivery hoses and hose assemblies for pumps and vehicles

ÍST EN 14557 Fire-fighting hoses - Rubber and plastics suction hoses and hose assemblies

ÍST EN 1147 Portable ladders for fire service use

ÍST EN 13204 Tvívirk vökvaknúin björgunarverkfæri til nota í starfi slökkviliða og björgunarsveita - Öryggis- og nothæfiskröfur (Double acting hydraulic rescue tools for fire and rescue service use - Safety and performance requirements)

ÍST EN 15182-1 Hand-held branchpipes for fire service use - Part 1: Common requirements
EN 15182-2, Hand-held branchpipes for fire service use — Part 2: Combination branchpipes
PN 16

EN 15182-3, Hand-held branchpipes for fire service use — Part 3: Smooth bore jet and/or one fixed spray jet angle
branchpipes PN 16

EN 15182-4, Hand-held branchpipes for fire service use — Part 4: High pressure branchpipes
PN 40

ÍST EN 15767 Part 1: General requirements for portable monitor assemblies;

ÍST EN 15767 Part 2: Water nozzles;

ÍST EN 15767 Part 3: Foam devices

ÍST EN 14043 Búnaður til nota við slökkviliðsstörf í háhýsum - Útraðanlegir stigar á snúningspöllum - Öryggis- og nothæfiskröfur og prófunaraðferðir (High rise aerial appliances for fire service use - Turntable ladders with combined movements - Safety and performance requirements and test methods)

ÍST EN 14044 Búnaður til nota við slökkviliðsstörf í háhýsum – Útraðanlegir stigar á snúningspöllum til nota í kyrrstöðu – Öryggis- og nothæfiskröfur og prófunaraðferðir (High rise aerial appliances for fire service use - Turntable ladders with sequential movements - Safety and performance requirements and test methods)

ÍST EN 13731:2007 Loftpúðar til nota í starfi slökkviliða og björgunarsveita – Kröfur um öryggi og eiginleika (Lifting bag systems for fire and rescue service use - Safety and performance requirements)

ÍST EN 1777 Vökvaknúnir pallar fyrir slökkvi- og björgunarstarf - Öryggiskröfur og prófanir (Hydraulic platforms (HPs) for fire fighting and rescue services - Safety requirements and testing)

Drög 25. apríl 2017

Drög að búnaðarlista skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar, sbr. 24. gr.

I. Búnaður vegna slökkvistarfa

Persónulegur hlífðarfatnaður fyrir hvern slökkviliðsmann í slökkviliðinu:

Eldgalli, hjálmur, reykköfunarhetta, stígvél og hanskar

Slökkvibíl:

Háþrýsti- og lágþrýstidæla

Lágmarksdælugeta við 8 bör 1600 l/mín og við 4 bör 250 l/mín

eða

Lágþrýstidæla

Lágmarksdælugeta við 8 bör 1600 l/mín

Vantstankur minnst 1400 l

Slöngur og stútar:

Í slökkvibíl þarf að vera sá búnaður sem staðhættir gera kröfu um til þess að bíllinn nýtist í slökkvistarfi. Eftirfarandi eru lágmarkskröfur til búnaðar í slökkvibíl:

Slöngur: 500 m B og C

Stútar: 2 B stútar og 6 C stútar. Allir stútar með loka. C stútar með möguleika á beinni bunu, dreifðri bunu og úðabunu.

Froðubúnaður:

1 stútur fyrir þungfroðu, 2 stútar fyrir millifroðu.

Minnst 90 l froðuvökvi

Handslökkvitæki:

1 kolsýrutæki, 6 kg og 1 dufttæki, 6 kg.

Reykköfun:

6 reykköfunartæki með loftkútum,

6 aukakútar

Reyklosun:

Yfirþrýstingsblásari sem afkastar a.m.k. 20.000 m³/klst.

Stigar:

Einn 9 eða 11 m stigi (háð byggingum í sveitarfélaginu)

Fjarskipti:

Þrjár talstöðvar fyrir stjórnendur og ökumann(dælumann)

6 talstöðvar fyrir reykkafara.

Aukabúnaður á slökkvistöð:

Slöngur minnst 500 m B og C slöngur.

Froðuvökvi 90 l.

Tankbíll:

Tankur minnst 6.000 l

föst eða laus dæla til að fylla og tæma tankinn.

Ef tankbíll á að koma í stað nægjanlegs slökkvivatns í vatnsveitu verður hann að vera að lágmarki 8.000-10.000 l til viðbótar við áður nefnda 6.000 l og með a.m.k. dælugetu 1000 l/mín. Auk þess sem æskilegt er að vera með þró þannig að tankbíllinn sé ekki bundinn við dælingu.

Drög 25. apríl 2017

Búnaður fyrir viðbótarviðbragð:

Háprýsti- og lágprýstidæla

Lágmarksdælugeta við 8 bör 1600 l/mín og við 4 bör 250 l/mín
eða

Lágprýstidæla

Lágmarksdælugeta við 8 bör 1600 l/mín

Slöngur og stútar fyrir minnst 2 C stúta.

Bíll stjórnanda:

Yfirlit yfir vatnstökustaði og brunahana

1 duftslökkvitæki 6 kg

Hlífðarfatnaður, hjálmur, reykköfunarhetta, stígvél, hanskar og reykköfunartæki.

Drög 25. apríl 2017

II. Búnaður vegna hættulegra efna

Hér er talinn upp grunnbúnaður sem telst lágmarksbúnaður síðan bætist við búnaður sem fer eftir stærð og gerð af áhættum í sveitarfélaginu. Í Brunavarnaáætlun hvers sveitarfélags er lagt mat á hvaða búnað þarf til að ráða við þær áhættur sem um er að ræða.

Lágmarksbúnaður:

5 stk. minni ílát til uppsöfnunar t.d. balar og fötur.

1 eða fleiri stór ílát til uppsöfnunar (tunnur) með geymslurými a.m.k. 500 l

Neistafrí dæla, dælugeta a.m.k. 40 l/mín af vökva

Uppsogsefni (t.d. fyrir olíu)

Efni til að þétta með:

Pulsur til að hindra að efni flæði út af afmörkuðu svæði

2 stk pulsur til að stjórna í hvaða átt flæðir

2 stk mottur til að loka niðurföllum

Segl og þolplast til að hylja með

Kaðall úr gerviefni

Strekkibönd, fleigar og keilur

Persónulegur hlífðarfatnaður:

2 stk slettuvargallar

2 sett vökvaþéttir varnargallar vegna fastra efna og vökva

Fyrstuhjálpar búnaður

Verkfæri:

2 stk. kústar, skófla (neistafrí) og sköfur

2 stk viðvörunarskilti (sprengihætta)

Efni til að loka vettvangi (t.d. keilur og borðar)

2 stk. luktir (sprengifríar)

Ýmis handverkfæri

Viðbótarbúnaður á slökkvistöðvum sem eru sammingsbundnar til að veita minni stöðvum aðstoð:

Uppsogsefni

5 stk. minni ílát til uppsöfnunar t.d. balar og fötur.

1 eða fleiri stór ílát til uppsöfnunar (kör) með geymslurými a.m.k. 12 m³, lokanleg og þétt (vatnshelt)

Neistafrí dæla, dælugeta a.m.k. 40 l/mín af vökva

Lensdæla (sprengifrí) með tilheyrandi sogbúnaði

Uppsogsefni (t.d. fyrir olíu) og efni til hlutleysingar (t.d. kalk)

Efni til að þétta með:

Pulsur til að hindra að efni flæði út af afmörkuðu svæði

4 stk pulsur til að stjórna í hvaða átt flæðir

4 stk mottur til að loka niðurföllum

Segl og þolplast til að hylja með

Kaðall úr gerviefni

Strekkibönd, fleigar og keilur

Persónulegur hlífðarfatnaður:

4 stk slettuvargallar

4 sett vökvaþéttir varnargallar vegna fastra efna og vökva

2 sett gasþéttir varnargallar vegna eittraðra og ætandi efna

Skyndihjálpar búnaður

Drög 25. apríl 2017

Verkfæri:

4 stk. kústar, skófla (neistafrí) og sköfur

2 stk viðvörunarskilti (sprengihætta)

Efni til að loka vettvangi (t.d. keilur og borðar)

Kaplar til að jarðtengja með festibúnaði.

4 stk. luktir (sprengifríar)

Handslökkvitæki

Ýmis handverkfæri (neistafrí)

2 stk „lyklar“ til að opna brunnlok

Búnaður til að nema hættulegar gastegundir (til að vernda mannafla og sýna fram á losun efna)

Hjartastuðtæki

Drög 25. apríl 2017

III. Búnaður vegna björgunar á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum.

Klippur, lágmark 340 kN (við átaksþvermál 50 mm)

Glennur, lágmark 230 kN

Tjakkur og hornkubbur fyrir tjakk

Stýrispúðar, 2 stærðir

Mælaborðspúði

Kubbasett (til að tryggja stöðugleika)

Sög (til að saga gler), Glerbrjótur (kjörnari), Hlífur (á pósta)